

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Fagurgerði – Grænuvellir, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi á Grænuvöllum – Fagurgerði á Selfossi.

Breyting deiliskipulagsins snýr að lóðinni Fagurgerði 5, sem er skipt upp í tvær lóðir.

Byggingarheimildir á deiliskipulagssvæðinu eru yfirfarnar og breytt að hluta til.

Gerð er breyting á greinargerð og uppdraetti. Gildandi deiliskipulag fyrir Grænuvelli og nágrenni var staðfest með auglýsingu nr. 403/2020 í B-deild Stjórnartíðinda í apríl 2020. Breytt deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB18 og miðsvæði M4.

Skipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 11. ágúst 2023.*

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 25. ágúst 2023